

Brjef stjórnarráðsins til biskups um leyfi til lántöku til bygg- 93
ingar Gufudalskirkju og Brjánslækjarkirkju. 16. júlí.

Eftir beiðni hlutaðeigandi prests Bjarna prófasts Simonarsonar og samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 13. þ. m., samþykkir stjórnarráðið hjermeð, að taka megi lán til þess að byggja kirkjur þessar: *til Gufudalskirkju* alt að 1000 kr., er afborgist með jöfnum greiðslum á 20 árum og *til Brjánslækjarkirkju* alt að 2000 kr., er afborgist með jöfnum greiðslum á 25 árum, og greiðist hvorttveggja lánið af hlutaðeigandi prestaköllum að því leyti sem árlegar tekjur kirknanna, hvorrar um sig, hrökkva eigi til þess.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum 94
nokkurra presta. 17. júlí.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefum yðar, dagsettum 12., 15., 24. og 27. f. m. og 11. og 14. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, hefir stjórnarráðið fallist á að eftirnefndir prestar frá fardögum síðastliðnum að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

A. I fyrsta launaflokki (1700 kr.).

1. Sjera Þorsteinn Halldórsson í Mjófjarðarprestakalli.
2. — Þorsteinn Benediktsson í Landeyjaprestakalli.
3. — Magnús Andrjesson í Gilsbakkaprestakalli.
4. — J. V. Hjaltalín í Setbergsprestakalli.
5. — Sigurður Jensson í Flateyjarprestakalli.
6. — Sigurður Stefánsson í Ögurþingaprestakalli.
7. — Eyjólfur Jónsson í Árnesprestakalli.
8. — Eiríkur Gíslason í Prestsbakkaprestakalli.
9. — Stefán M. Jónsson í Auðkúluprestakalli.
10. — Árni Jónsson í Skútustaðaprestakalli.*)

B. I öðrum launaflokki (1500 kr.).

1. Sjera Jón Guðmundsson í Norðfjarðarprestakalli.
2. — Magnús Bjarnarson í Kirkjubæjarklaustursprestakalli.
3. — Ólafur Finnsson í Kálfholtsprestakalli.
4. — Kjartan Helgason í Hrunaprestakalli.
5. — Jón Thorsteinsen í Þingvallaprestakalli.
6. — Einar Thorlacius í Saurbæjarprestakalli á Hvalfjarðarströnd.
7. — Hálfán Guðjónsson í Breiðabólsstaðarprestakalli í Vesturhópi.
8. — Arnór Arnason í Hvammsprestakalli í Laxárdal.
9. — Hallgrímur Thorlacius í Glaumbæjarprestakalli.
10. — Björn Jónsson í Miklabæjarprestakalli.
11. — Pálmi Þóroddsson í Fellsprestakalli.

*) 200 kr. erfiðleikauppbót.

94

C. *I þriðja launaflokki* (1300 kr.).

17. júl.

1. Sjera Ingvar Nikulásson í Skeggjastaðaprestakalli.
2. — Þorvarður Þorvarðarson í Mýrdalsþingaprestakalli.
3. — Ófeigur Vigfússon í Landsprestakalli.
4. — Gísli Jónsson í Mosfellsprestakalli.
5. — Lárus Halldórsson í Breiðabólstaðarprestakalli á Skógarströnd.
6. — Bjarni Símonarson í Brjánslækjarprestakalli.
7. — Þorvarður Brynjólfsson í Staðarprestakalli í Súgandafirði.
8. — Kjartan Kjartansson í Staðarprestakalli í Grunnavík.
9. — Runólfur M. Jónsson í Staðarprestakalli í Aðalvík.
10. — Jón Brandsson í Tröllatunguprestakalli.
11. — Björn Stefánsson í Tjarnarprestakalli á Vatnsnesi.
12. — Jónmundur Halldórsson í Barðsprestakalli.
13. — Ásmundur Gíslason í Hálsprestakalli.*)

Jafnframt því að tjá yður þetta, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, eruð þjer umbeðinn að senda hingað skýrslu um ákvæðisverð gjalda þeirra, er framangreindir prófastar og prestar, er veiting hafa feugið frá 6. f. m., eiga að taka samkvæmt 5. gr. nefndra laga, og fara eftir mati því, sem fram fór 1899, sbr. upphaf 6. gr. sömu laga.

95

Brjef stjórnarráðsins til biskups um váttrygging prestssetra20. júl. **í brunabótasjóðum hreppanna.**

Með brjefi, dagsettu 10. febr. þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá prófastinum í Árnesprófastsdæmi, þar sem spurt er fyrir um það:

1. hvort íbúðarhús presta, sem byggð eru fyrir prestakallalán, verði tekin til váttryggingar í brunabótasjóðum hreppanna, ef þau annars fullnægja váttryggingarskilyrðunum, — og ef svo er, hvernig þá fer um þann $\frac{1}{3}$ virðingarverðs, sem þeir sjóðir ekki taka í ábyrgð, eða hvort lánsskilyrðunum mætti fá breytt að því er það atriði snertir, ef þess yrði farið á leit.

2. Hverjir eigi að bera kostnað af váttryggingu á kirkjujörðum, og hvort ekki gildi sama um byggðar hjáleigur prestssetranna, sem um aðrar kirjujarðir.

Um hið fyrra atriðið hafið þjer tekið það fram, að þar sem það sje gert að skilyrði fyrir húsbyggingarlántöku gegn veði í tekjum prestakallsins, að húsið sje í brunabótaábyrgð fyrir fullu virðingarverði, þá sje það efasamt, hvort leyfa megí að váttryggja slík hús í brunabótasjóðum hreppanna, nema ef svo væri, að landstjórnin annaðhvort gæti fallið frá ábyrgð $\frac{1}{3}$ verðs, eða presturinn tæki hana á sig, enda væri það óneitanlega hart, að menn sje neyddir til að kaupa ábyrgð prestsseturhúsa utanlands. Um hið síðara atriði látið þjer þess getið, að nefndnr prófastur hafi tekið það fram í öðru brjefi, að prestar, sem ekki komist undir

*) 300 kr. erfiðleikauppbót.